

136. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Hafsteinn H. Gunnarsson, Bryndís Skúladóttir, Eiður Guðmundsson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson og Már Karlsson.

Staður og stund: Borgartún 35, þann 14. september 2012 kl. 15:00

Þetta gerðist

1. NAF og ISWA fundir

Hafsteinn mætir á fundina nú um helgina. Farið var yfir verklag á fundunum og meðferð mála. Rætt var um mikilvægi norræna samstarfsins og þátttöku í alheimssamtökunum.

2. Samningur við Sorpu

Rifjað var upp, fyrir nýrri stjórnarmenn, hvaða verkefnum Sorpa sinnir fyrir félagið. Það eru: Viðhald heimasíðu, fréttabréf, greiða reikninga og bókhald, svara pósti, geyma gögn og afgreiða Fenúr merkin. Almenn ánægja er með þjónustu Sorpu og endurskoðun samningsins er í gangi.

Fram kom að stór hluti kostnaðar liggur í afgreiðslu merkjanna. Þegar bókhald er skoðað er óljóst hvort kostnaður við umsýslu merkjanna endurspeglar í verði þeirra. Fundarmenn voru sammála um að merkin eigi að standa undir sér. Rætt var um hvort æskilegt sé að færa umsýslu þeirra að hluta til prentsmiðju, enda er nú auðveldara að framleiða upp í pantanir í stað þess að liggja með lager. **HGH** athugar málið.

Rætt var um hvort undirskrift FENÚR ætti að koma fram á svarpóstum þegar send er fyrirspurn á félagið, t.d. í gegnum fenur@fenur.is

3. Verkefni vetrarins

Ákveðið var að efni haustfundar verði landsáætlun um úrgangsmál og breytingar á úrgangslöggjöf. Rætt var um að hafa fundinn á höfuðborgarsvæðinu. Æskilegt væri að fá góða þátttöku úr stjórnarsýslu og ná fram samtali milli ólíkra aðila. Kynna mætti athugasemdir og breytingartillögur á fundinum. **BS** hefur samband við ráðuneytið og kannar tímaáætlun vegna útgáfu landsáætlunar og frumvarpsins. Hefð er fyrir því að hafa fundinn á landsbyggðinni en skoðað verður að halda vorfund þar.

4. Félagsgjöld

Ákveðið var að breyta ekki félagsgjöldum þótt fram hafi komið kvartanir frá stærri aðila. Gjöldin eru ákveðin á aðalfundi. Rætt var um að bjóða til virkara samstarfs við stjórnvöld.

Fundi slitið kl. 16:20. Næsti fundur ekki ákveðinn.

Fundarritari: Bryndís Skúladóttir